



NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðurláls

12. tbl. 13. desember 2012. Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Sigurður Arnar Árnason, Sverrir Þór Guðmundsson og Steinunn Kr. Pétursdóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.

Framúrskarandi árangur

Í nóvember átti C-vaktin í kerskalanum tvöfalt afmæli. Í fimm ár hafa starfsmenn hennar starfað farsælega án þess að hjá þeim hafi orðið fjarveruslys. Ekki nóg með það, í eitt ár hefur starfsfólk starfað án þess að hjá þeim hafi orðið skráningarskylt slys. Slíkt gerist ekki að sjálfu sér því hættunarn leynast víða . frh. á bls. 4.

-Umbun fyrir vel unnin störf
Bónuskerfið í lok árs 2012

-Álsveinarnir
Súrálsgaur, Skautaskelfir, Deiglusleikir, Flúorþefur og allir hinir óknyttapiltarnir

-Þrettán barna móðir
Steinunn Kr. Pétursdóttir og fósturbörnin

-Það hitnar í kolunum með rafmagni!
nýjungar í skautsmiðjunni

-Sörur um jólin
skotheld uppskrift



Það munar um minna!

Norðurlál greiðir 1,9 milljarða í opinber gjöld

Norðurlál Grundartanga greiðir mest í opinber gjöld af lögaðilum á Vesturlandi og er í sjöunda sæti á landsvísu.

Norðurlál greiðir samtals 1,9 milljarða króna. Næst hæsti greiðandi opinberra gjalda á Vesturlandi er Elkem á Grundartanga sem greiðir um 389 milljónir króna. Opinber gjöld renna í sameiginlega sjóði landsmanna og eru grundvöllur þess að ríkið geti veitt samfélagslega þjónustu. Stærstu útgjaldaliðir ríkissjóðs eru á sviði heilbrigðismála, almannatrygginga, velferðamála og menntamála.

Þessir greiða hæstu opinberu gjöldin:

| | | |
|-----|-------------------------------|--------------------------|
| 1. | Ríkissjóður | 9.672.767.366 kr. |
| 2. | Eignasafn Seðlabanka Íslands | 5.009.342.947 kr. |
| 3. | Arion banki | 3.518.600.037 kr. |
| 4. | Reykjavíkurborg | 2.941.261.286 kr. |
| 5. | GLB Holding (Glitnir) | 2.333.323.451 kr. |
| 6. | Landsbankinn | 2.143.874.126 kr. |
| 7. | Norðurlál Grundartangi | 1.890.574.261 kr. |
| 8. | Samherji | 1.736.704.153 kr. |
| 9. | Íslandsbanki | 1.556.868.479 kr. |
| 10. | Alcan á Íslandi | 1.467.240.880 kr. |



Steinunn Björg, Jón Gunnar, Garðar og Guðleif afhentu gjöfina fyrir hönd Norðuráls. Með þeim á myndinni er Bára Sigurjónsdóttir, frkvstj. miðstöðvarinnar.

Nótt og Dagur

Miðstöð fyrir börn með alvarlega og sjaldgæfa sjúkdóma stendur starfsfólki Norðuráls nærri. Við opnun hennar færði Norðurál stöðinni gjöf í minningu barnanna Sindra Dags Garðarssonar og Þórhildar Nóttar Mýrdal.

Miðstöðin er stofnuð fyrir fé sem safnaðist í landssöfnuninni Á allra vörum. Í sjónvarpsþætti henni tengdum stigu foreldrar tveggja langveikra barna frá Akranesi fram. Þau deildu sögu sinni og sorg með alþjóð en börnin, Sindri Dagur og Þórhildur Nótt, létust á síðasta ári. Feður þessara barna og móðir Þórhildar starfa hjá Norðuráli.

Við opnun miðstöðvarinnar afhentu þau peningagjöf fyrir hönd Norðuráls, 2,5 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar þakkaði foreldrunum sérstaklega fyrir þeirra mikla og góða framlag við að gera miðstöðina að veruleika; að ljá



Gjöfin er í minningu Þórhildar Nóttar og Sindra Dags.

söfnuninni bæði andlit og nafn, en sjálfseignarstofnunin sem annast rekstur miðstöðvarinnar ber heitið Nótt og Dagur.

Um fimmtíu íslensk börn glíma við alvarlega og sjaldgæfa sjúkdóma, þurfa umönnun allan sólarhringinn og mjög sérhæfða heilbrigðisþjónustu og

þjónustu félagslega kerfisins. Verkefni miðstöðvarinnar munu einkum felast í því að veita foreldrum og aðstandendum barnanna ráðgjöf og stuðning við umönnun og hjúkrun.

-sól

Bónuskerfið

Umbun fyrir vel unnin störf

Starfsmönnum Norðurláls er umbunað fyrir vel unnin störf með bónuskerfi. Laun starfsmanna geta hækkað ef góður árangur næst. Um verulegar fjárhæðir er að ræða.

Ef tekið er dæmi um starfsmann á vöktum í ker- eða steypuskála, með 3 ára starfsreynslu og hæfnisálag, eru föst laun kr. 407.000 á mánuði skv. kjarasamningi. Ofan á þessi föstu laun reiknast bónusgreiðslur sem get orðið 11,25% eða kr. 46.000.

Á einu ári getur viðkomandi því til dæmis unnið sér inn kr. 440.000 aukalega ef 80% bónus næst alla mánuðina, eða meira en ein föst mánaðarlaun.

Ef horft er á árangurinn sem náðist frá janúar til október í ár er meðalbónus kjarasamningsfólks í heild 8,41%. Það er 75% árangur. Ef við gefum okkur að sú verði niðurstaðan fyrir árið í heild hafa kr. 412.000 bæst ofan á launin.

Hvar má gera betur?

Bónustinn skiptist í þrjú þætti; öryggis-, rekstrar-, og umhverfisbónus. Öryggisbónus hefur komið vel út. Á tímabilinu janúar til október er árangurinn 94% að meðaltali.

Rekstrarbónus hefur sömuleiðis komið nokkuð vel út; 79% árangur á tímabilinu. Fyrstu mánuðir ársins voru lakari, en hann hefur skilað góðum árangri síðan.

Lakari árangur hefur náðst með umhverfisbónusinn, og þá sérstaklega ristíðnina. Ristíðnin er tæp 36% af heildar umhverfisbónus. Einungis 20% árangur hefur náðst þar að meðaltali. Þekjubónusinn hefur einnig verið lágur. Ristíminn hefur hins vegar skilað 100% árangri í meira en ár.

Í heild hafa þeir þrjú bónusþættir sem umhverfisbónusinn byggir á skilað um 60% af mögulegum bónus, 0,86% af 1,40%, og hefur þróunin heldur verið á niðurleið síðastliðna mánuði.

Hvað má gera betur?

Ristíðni er mælikvarði á tíðni spennurisa sem verða í kerum. Spennurisa auka raforkunotkun og þær lofttegundir sem losna hafa 6000 til 9000 sinnum gróðurhúsavirkni koldíoxíðs sem losnar frá kerinu við eðlilega rafgreiningu. Þessar lofttegundir eru mjög langlífir í andrúmsloftinu og geta enst í hundruð ára í loftþjúpnum. Norðurlál hefur ákvæði í starfsleyfi um hámarkstíðni spennurisa.


Til að ná árangri varðandi ristíðni sérstaklega þarf að tryggja að súráls flutningakerfið virki og að súrál hafi

| | |
|----------------|----------|
| Umhverfisbónus | 4,9 % |
| Rekstrarbónus | 3,4% |
| Öryggisbónus | 2,95% |
| Heildarbónus | = 11,25% |

aðgang að baðinu. Brjótar þurfa að komast í gegnum skurnina og matarar verða að gefa stöðugt magn af súráli. Hér reynir á samvinnu viðhaldsmanna og þeirra sem sinna kerunum. Koma auga á ker sem eru á leiðinni í ris og grípa inn í. Ef ker fer í ris þarf að greina rót vandans og koma í veg fyrir frekari spennurisa. Mæla rétt baðhæð og álhæð og halda þeim innan marka.

Til að ná árangri varðandi þekjubónusinn þarf að umgangast kerþekjurnar af umhyggju og gæta þess að taka ekki fleiri þekjur af í einu en nauðsynlegt er. Þegar vinnu við kerrið er lokið þarf að raða þekjunum þétt á kerrið aftur svo ekki séu rifur á milli þekjanna.

sól



| | |
|------------|-------------|
| 100% Bónus | kr. 550.000 |
| 90% Bónus | kr. 495.000 |
| 80% Bónus | kr. 440.000 |
| 70% Bónus | kr. 385.000 |
| 60% Bónus | kr. 330.000 |
| 50% Bónus | kr. 275.000 |

*Bónusgreiðslur yfir 12 mánaða tímabil.
*Miðað er við starfsmann á vöktum í ker- eða steypuskála, með 3 ára starfsreynslu og hæfnisálag.
*Tölur eru námundaðar.

Fimm ár án fjarveruslysa

Til hamingju C-vakt!

Í tilefni af framúrskarandi árangri C vaktar í kerskála, sem þann 26. nóvember s.l. hafði starfað í fimm ár án fjarveruslysa og í eitt ár án skráningarskylds slyss, spurði Norðurljós nokkra starfsmenn hennar að því hver „galdurinn“ væri að góðum árangri í öryggismálum?



Tómas Haukur Richardsson
„Jákvæðni, samvinna og vera góð hvert við annað.“



Helga Björg Helgadóttir
„Að vera dugleg að passa upp á hvert annað.“



Ellert Hauksson
„Fólk passar vel upp á hvert annað og mætir til vinnu létt í lund.“



Guðbjartur Þór Jóhannesson
„Vaktinni er vel stjórnað og það eru menn á vaktinni með mikla reynslu.“



Ásgeir Ásgeirsson
„Vera vakandi og fylgjast með því hvað þú ert að gera!“



Elías Hilmar Utley
„Rökræn hugsun, það er allt sem þarf.“



Haraldur G. Kristjánsson
„Einfalt, við viljum komast heil heim.“



Sigurður Grétar Davíðsson
„Við fylgjumst vel hvert með öðru og minnum á ...“



Ómar Björn Ragnarsson
„Almenn öryggisþekking er allt sem þarf.“



Sigurður Guðmundsson
Almenn öryggisvitund er sterkasta aflið.“



Þróstur Vilhjálmsson, fyrrum liðsmaður á C-vakt;
„Samvinna vaktstjóra, liðstjóra og allra starfsmanna á vaktinni.“

Vissir þú...

...að verulega hefur dregið úr kolefnislosun í áliðnaði á liðnum árum. Hér á landi hefur losun á hvert framleitt tonn minnkað um 75% frá árinu 1990. Meðallosun á hvert framleitt tonn á Íslandi er um 20% lægri en í Evrópu, sé aðeins horft til framleiðslunnar.

Einnig verður umtalsverð losun við framleiðslu raforku í Evrópu, sem ekki er til að dreifa hér á landi. Að teknu tilliti til þess nemur heildarlosun á hvert framleitt áltonn á Íslandi einungis um fjórðungi af heildarlosun á hvert framleitt tonn í Evrópu.



Borgartúnið verður Skógarhlíð

Starfsfólk skrifstofu Norðuráls í Reykjavík, sem gengið hefur undir heitinu Borgartúnið, hefur flutt sig um set að Skógarhlíð 12. Sömu sögu er að segja af þeim

starfsmönnum Norðuráls og verktökum sem unnið hafa á skrifstofu Helguvíkurverkefnis í Hafnarfirði. Þar með tvöfaldast starfsmannafjöldi Reykjavíkurskrifstofu

Norðuráls, fer úr sex í þrettán. Vel fer um starfsfólk á nýjum stað og samkomulag milli deilda, sem deila nú vinnurými, mun vera með miklum ágætum.

Jólakveðja frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Árið er senn á enda og vert að líta um öxl. Margt hefur áunnist og góður árangur náðst á flestum þeim sviðum sem við leggjum mesta áherslu á í rekstri okkar og daglegum störfum

Skráningarskyld óhöpp eru miklu færri en í fyrra. Þegar þetta er skrifað hafa orðið sex skráningarskyld óhöpp hjá okkur miðað við þrettán tilfelli á síðasta ári. Þetta er lækkun um 54% sem er afar góður árangur. Ef rýnt er í þessar tölur þá eru nokkrir þættir skila okkur þessum góðum árangri. Stór hópur starfsfólks er í kjarnateyrum Öruggs atferlis og velur verkefni úr starfsumhverfi sínu. Á annað hundrað áhættugreiningar hafa verið gerðar á árinu 2012 þar sem starfsmenn taka þátt í að meta starfsumhverfi sitt og hugsanlega hættu sem því tengist. Þjálfun starfsfólks er í stöðugri þróun og ekki má gleyma hversu vel var tekið á móti sumararfleysingafólki í vor.

Norðurál er fyrirtæki í fremstu röð og vill sýna gott fordæmi í umhverfismálum. Árangur okkar í umhverfismálum á árinu sýnir svo ekki verðum um villst að við erum á réttri leið. Unnið var markvisst að framförum í rekstri og viðhaldi á hreinsunarbúnaði verksmiðjunnar og náðist mjög góður árangur á árinu eins og mælingar sýna. Sérstaklega vil ég nefna starfsmenn kerskála sem, með vönduðum vinnubrögðum, hafa lágmarkað losun um rjáfur.

Við stefnum að því að vera vottað fyrirtæki

samkvæmt ISO 14001 umhverfisstaðlinum fyrir árslok 2013. Samhliða því ætlum við að taka stórt skref í flokkun og endurnýtingu sorps frá verksmiðjunni. Það er verkefni sem allir starfsmenn munu taka þátt í. Flokkun og endurnýting úrgangs er málefni allra og skiptir þar vitund hvers og eins mestu máli. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem ég legg höfuðáherslu á á næsta ári.

Á árinu sem er að líða hóf Norðurál kennslu í stóriðjuskólanum og fyrstu 32 nemendurnir munu útskrifast á næsta ári. Þetta er glæsilegt skref í okkar sögu sem við eigum að vera stolt af. Með tilkomu þessa náms leggjum við grunn að stóraukinni þekkingu starfsmanna. Þekking á starfsemi fyrirtækisins, öryggismálum, umhverfismálum og grunnþáttum framleiðsluferlisins er lykill að aukinni hæfni starfsmanna. Með því tryggjum við að reksturinn gangi vel og að við náum að hámarka nýtni okkar reksturs. Það er lykill þess að við séum fyrirtæki í fremstu röð og sá eftirsótti vinnustaður sem við höfum sem okkar framtíðarsýn.

Árið 2012 hefur verið okkur hagfelld hvað varðar framleiðsluna. Við urðum fyrir áfalli í janúar þegar bilun hjá Landsneti olli því að verksmiðjan var straumlaus í rúmlega 3 klukkustundir. Við þær aðstæður sýndi starfsfólk mikla hæfni, þrautseigju og vandvirkni. Við náðum okkur fljótt á strik og hefur framleiðslan

verið með ágætum síðan. Á haustmánuðum varð stór breyting í rekstri kerlínu 2 með innleiðingu stærri forskauta. Sú umbreyting gekk frábærlega fyrir sig sem sýndi enn og aftur sterka umgjörð, verkferla og hæfni starfsmanna.

Álmarkaðir voru heldur slakari í árinu en við vonuðumst til. Álverð á þessu ári hefur verið um 16% lægra að meðaltali en á árinu 2011. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Á næsta ári bíða spennandi verkefni. Við ætlum að styrkja okkar innviði með innleiðingu og vottun gæðakerfa umhverfis- og öryggismála. Við munum halda áfram vinnu með Öruggt atferli til að ná enn betri árangri í öryggismálum. Það eru stórar fjárfestingar í gangi, bæði viðbótarfriðill og endurnýjun vélbúnaðar í skautsmiðju. Við höldum áfram að bæta starfsmannaáðstöðu. Á árinu 2013 munum við fá forskaut frá okkar eigin forskautaverksmiðju í Vlissingen í Hollandi sem auka munu nýtni og framleiðslu verksmiðjunnar og fleira mætti telja.

Ég óska öllum starfsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Kærar þakkir fyrir samfylgdina á árinu sem er að líða.

Gunnar Guðlaugsson

Þrettán barna móðir



Steinunn Kr. Pétursdóttir, fulltrúi á mannauðssviði

Steina er fædd á Akranesi og bjó þar fyrstu fjögur æviárin. Þá fékk faðir hennar pláss á skipti fyrir austan og fjölskyldan fluttist austur fyrir fjall.

„Svo þegar ég fékk aldur og þroska til þá flutti ég heim aftur,“ segir Steinunn. „Mér hefur allt fundist að þar ætti ég heima. Svei mér ef það gerði ekki bara útslagið að bæjarstjórnin sendi okkur systkinunum jólakort fyrir einhverjum árum sem í stóð: Kæri fyrrum bæjarbúi. Gleðileg jóla!“ Þessi jólakortasending hefur greinilega margborgað sig fyrir sveitarfélagið því Steina fluttist þangað aftur árið 2001 og býr þar með sæg af börnum, hundum og manni.

Vildu gera gagn

Steina er gift Haraldi Ernst Sigurðssyni sem er fæddur og uppalinn á Seyðisfirði en féll svo bæði fyrir henni og Akranesi. Spurð hversu mörg börn þau eigi flækist málið ögn. „Ég á strák og stelpu sem ég bjó til sjálf. Halli á þrjú börn og eitt barnabarn. Svo eru það fósturbörnin sem eru orðin átta, sjö drengir og ein stúlka. „Nýverið hefur Steina veitt viðtöl í fjölmiðlum og vakið athygli á aðstæðum fósturforeldra og þar er hún öllum hnútum kunn. „Við Halli vorum búin að vera heimsforeldrar, styrkja ABC barnahjálpar og annað hjálparstarf, en svo langaði okkur að gera eitthvað sjálf og sjá árangur í staðinn fyrir að leggja bara peninga í þessi verkefni, eins þörf og þau nú eru. Að

verða fósturforeldrar var leið sem okkur fannst við geta farið og hefðum aðstæður til að takast á við. Maðurinn minn lenti í slysi fyrir nokkurn árum og hefur verið óvinnufær. Hann sá fram á að með þessu gæti hann lagt sitt af mörkum til samfélagsins og gert gagn. Það er hann sem til dæmis tekur á móti krökkunum þegar þau koma heim úr skólanum á daginn. Við vissum sem var að þótt það sé mikil neyð út um allan heim þá væru líka börn á Íslandi sem byggju við skelfilegar aðstæður. Við höfðum samband við Barnaverndarstofu, sem hefur yfirumsjón með barnaverndarmálum á Íslandi, og spurðum hvort það væri hægt að nýta okkur í eitthvað. Þá komumst við að því að það er alltaf skortur á fósturforeldrum. Það vantar alltaf fólk sem eru tilbúnið að taka börn inn á heimili sitt.“

Þetta var fyrir fjórum árum og frá þeim tíma hefur Steina alltaf verið með fósturbörn á heimilinu. Þegar mest var voru börnin fjögur, og þá voru tíu í heimili.

Það er stór ákvörðun að opna heimili sitt fyrir börnum sem hafa verið fjarlægð úr skelfilegum aðstæðum og eru oft og tíðum í erfiðu ástandi.

Hafa þau Steina og Halli séð þann árangur sem lögðu upp með?

„Stundum náum við litlum eða engum árangri. Við höfum til dæmis lent í því að barn hafi farið í skólann að morgni og ekki skilað sér aftur. Í öðrum tilvikum sjáum við árangur, já. Þegar börn sem hafa búið við vanrækslu og afskiptaleysi fá þörfum sínum mætt, fá umönnun og athygli, þá byrja þau að blómstra. Þau hætta að læðast með veggjum, byrja að tjá sig, taka þátt og hafa skoðun. Það er æðislegt! Svo ekki sé minnst á stoltið þegar þau koma heim með góðar einkunnir og umsagnir úr skólanum og fara að eignast vini. Mörg hafa ekki getað eða viljað bjóða krökkum með sér heim vegna þeirra aðstæðna sem hafa verið á heimilum þeirra.“

Hvað býður þeirra eftir að dvölinni hjá ykkur líkur?

„Það er allur gangur á því. Þegar börn koma í tímabundið fóstur þá er markmiðið alltaf að þau fari heim aftur. Þá á að vera vinna í gangi með foreldrunum sem gera þá betur í stakk búna til að sinna foreldrahlutverkinu. Börnin fara þá vonandi í skárrí aðstæður en þau eru tekin úr. Ef um er að ræða varanlegt fóstur þá verða börnin hluti af fjölskyldunni.“

Fór í hundana

Það eru ekki bara börn sem sópast að Steinu. Hún er líka með fleiri og stærra hunda en fólk er alla jafna með á heimili.

„Krakkarnir höfðu lengi suðað um að fá hund. Halli lendir svo í slysinu og læknar ráðlögðu honum að ganga til að styrkja mjöðmina. Þá ákváðum við að leita að



Í fjallgöngu með göngufélaganum.



Jólagjafirnar vel varðar.



Hjólhýsið er bannað börnum en ekki viðbyggingin.



Halli með afabarnið Evu Lilju.

göngufélaga handa honum. Við höfðum engar óskir um tegund, vildum bara finna hund. Strákur á Skaganum, sem ræktaði Schaeffer hunda, bauð okkur rúmlega árgamla tík. Hún var eini hvolpurinn úr gotinu sem ekki hafði gengið út og hana tókum við...í varanlegt fóstur," segir Steina hlæjandi. „Nokkrum mánuðum seinna varð slysgot hjá ræktandanum. Tík sem hann var að passa og rakki, sem þau áttu, laumuðust fram í bílskúr eftirlitlaus. Út úr þeim fundi komu tveir hvolpar sem ákveðið var að gefa. Hann bauð okkur



Tveir af unglingunum að skemmta í fermingarveislu þess þriðja

annan ef við vildum, með þeim rökum að það væri þægilegt að vera með tvo hunda því þá hefðu þeir félagsskap hvort af öðrum. Við ákváðum að slá til og hvolpurinn, sem núna er orðinn 4 ára, er yndislegur rétt eins og tíkin."

Hundaræktandinn flutti svo í bæinn og gat ekki haldið báðum hundunum sínum. Þá þurfti að koma öðrum hundinum fyrir og jú, Steina ákvað að taka hann líka. „Við vorum því lengi vel með þrjá Schaeffer hunda en nú eru þau bara tvö."

Steina segist ekki hafa mikinn frítíma. Hjónin eiga hjólhýsi sem þau nota töluvert. Í því er bara svefnpláss fyrir tvo. Það er sumsé svítan þeirra, bönnuð bæði börnum og hundum.

„Ég baka, elda og reyni að sinna heilsunni. Halli hjólar mikið og ég reyni að fara með honum, en geri minna af því, enda er ég í fullri vinnu," segir Steina sem hóf störf sem fulltrúi á mannauðssviði fyrr á árinu. „Álpaðist hingað inn í leysingunum í vor. Ég var ráðin í sumarafleysingar og er hér enn, og er mjög ánægð. Ég vann í mörg ár hjá fyriræki niðri á Skaga sem hét Smellinn og þar fannst mér ég vera svolítið eins og heima hjá mér. Eftir hrun urðu eigendaskipti og ég varð

„heimilslaus". Svo fékk ég aftur þessa tilfinningu þegar ég byrjaði hér hjá Norðuráli; að finnast ég vera komin heim."

Fjölmeni um jólin

Það liður að jólum sem verða væntanlega fjörug á jafnstóru heimili og Steina heldur. „Þau verða fjölmeni. Við Halli, börnin mín tvö, yngsta dóttir Halla og pabbi minn sem býr hjá okkur núna, bróðir minn og hans kona. Svo verður fósturdrægurinn okkar með núna en hann hefur verið hjá mömmu sinni og pabba til skiptis síðustu jól. Hann hefur verið hjá okkur í þrjú ár og verður vonandi áfram. Hann er að klára 10. bekk og vill fá að vera í FVA og við viljum hafa hann hjá okkur. Þessi drengur stendur sig ofboðslega vel, er kominn í hljómsveit, brillerar á tónlistarskólanum, hefur unnið stærðfræðikeppni og er bara algjör snillingur. Þegar hann kom til okkar læddist hann með veggjum, talaði ekki nema á hann væri yrt og þá með einsatkvæðisorðum. Nú talar á honum hver tuska. Hann er ofboðslega flottur strákur," segir fósturmóðirin um drenginn sinn, með engu minna stolti en ef hún hefði búið hann til alveg sjálf. **sól**



Hjartastuðtækin virka ekki í kerskálunum!

Hjartastuðtækið í kerskálunum er komið úr viðgerð og á sinn stað. Í dag eru þau öll þrjú á sínum stað, fyrir framan skrifstofu vaktstjóra í kerskálunum, í neyðarherbergi skautsmiðjunnar og í anddyri kersmiðjunnar.



Athugið: Ekki er leyfilegt að fara með hjartastuðtækið inn í segulsvið kerskálanna þar sem segulsviðið truflar/skemmir virkni tækisins. Ef talið er nauðsynlegt að nota tækið innan kerskálanna eða í gördunum á milli þeirra þá þarf að keyra strauminn niður áður en farið er með tækið inn í segulsviðið. Sé mannslíf í húfi og nota þarf hjartastuðtækið þá skal fara að næsta neyðarropa, sem er staðsettur við gulu súlurnar í kerskálunum, en með því að slá á neyðarropann þá er skálunum slegið út.

Ef eitthvað er óljóst þá vinsamlega hafið samband við starfsmenn á öryggisviði.

ÞAÐ HITNAR Í KOLUNUM - með rafmagni!

Í skautsmiðjunni eru skautgafflar steyptrir fastir í kolaforskautin með því að hella bráðnu steypujárni í bilið milli tinda og veggja tindaholu. Það þarf að vanda vel til þessa verks; ef járníð er of lítið er hætt á að skautið detti af gafflinum, sé það of mikið aukast líkur á járnmenkun álsins í kerunum sem rýrir framleiðslugæði og lækkar afurðaverð. Járníð þarf að vera nægjanlega heitt (ca. 1450-1500°C) svo það nái að fljóta umhverfis allan tindinn en samt ekki heitara en svo að búnaðurinn ráði við hitann án þess að skemmast og að járníð storkni nægjanlega fljótt.

Til að tryggja flæði járnins og til að þurrka allan raka af tindum og úr skautholum fyrir steypingu, þá eru tindar og holur nú hitaðar með gaslaga. Rafmagn mun brátt levsa qasíð af hólmi, því á næstunni verður



settur upp viðeigandi búnaður sem keyptur hefur verið frá fyrirtækinu Kanthal. Kanthal framleiddi m.a. búnað sem hitar steypumót og biðofna í steypuskála Norðuráls. Verkið verður unnið í desember.

Tindahitararnir eru tveir og er annar staðsettur fyrir grafit baðið og hinn áður enn tindur og forskaut mætast í samsetningarsstöð.

Með þessari breytingu vinnst margt:

- Ódýrari orkugjafi; við notum innlent rafmagn í stað innflutts própangass og til lengri tíma lítið mun sparnaðurinn dekkja kostnað við verkið.
- Búnaðurinn nýtir orkuna betur; gasið blæs heitu lofti „út um allt“.
- Hljóðlátari búnaður; það munu starfsmenn kunna að meta!

Þetta verkefni er liður í margþættri framþróun og endurnýjun búnaðar í skautsmiðju Norðuráls.

Óskar Jónsson

Vegna fréttu um flúormengun

Norðurál gerði eftirfarandi athugasemdir vegna fréttuflutnings RÚV nýverið. Fjallað var um getgátur áhugahóps um umhverfismál í Hvalfirði, varðandi flúor í grasbitum og starfsemi Norðuráls á Grundartanga:

- Norðurál vísar alfarið á bug dylgjum um að eitthvað sé athugavert við mengunarvarnir álversins á Grundartanga og að flúormagn í grasbitum sé yfir þolmörkum.
- Í fréttuflutningi hefur verið ruglað saman þolmörkum og viðmiðunarmörkum um líkur á tannskemmdum í norsku dádýrum. Aldrei hafa fundist neinar tannskemmdir sem rekja má til flúors í dýrum í Hvalfirði.
- Starfsemi og mengunarvarnir álversins á Grundartanga eru í góðu ástandi og fullkomnustu tækni er beitt til að fylgjast með umhverfisáhrifum þess.
- Allri losun og umhverfisáhrifum álversins eru sett ströng mörk í starfsleyfi Norðuráls frá Umhverfisstofnun. Losun flúors, sem og annarra efna, er innan settra marka.

- Mjög náði er fylgst með umhverfisáhrifum álversins í Hvalfirði og miklar rannsóknir hafa verið gerðar allt frá upphafi starfsemi. Niðurstöður eru aðgengilegar á vef Norðuráls og þær eru kynntar á opnum fundum með íbúum og hagsmunaaðilum.
- Aldrei hafa fundist merki um neikvæð áhrif starfseminnar á heilsu dýra í Hvalfirði, hvorki tannskæði né annað sem bendir til þess að flúor valdi þar skaða.
- Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Umhverfisevaktin og stjórnarmenn hennar fara fram með alvarlegar og meiðandi ásakanir sem eiga ekki við rök að styðjast. Þar má m.a. nefna að fyrrverandi formaður kenndi flúormengun um veikindi hrossa sinna. Þær ásakanir voru rannsakaðar ítarlega. Skýring fannst á þessum

veikindum og þau hafa ekkert með áhrif flúors að gera heldur er þar um að kenni umhirðu hrossanna eins og skýrt sést í skýrslu MAST um málið.

- Einnig má nefna uppbot Umhverfisevaktarinnar vegna neysluvatns á Akranesi fyrr á þessu ári. Ásakanir Umhverfisevaktarinnar þá reyndust algerlega úr lausu lofti gripnar eins og fram hefur komið.
- Síni þau sem Umhverfisevaktin er nú að vísa til eru úr ofangreindum hrossum eftir því sem Norðurál kemst næst, en engin íslensk eftirlitsstofnun eða aðrir hagsmunaaðilar hafa fengið að sjá niðurstöður rannsókna sem Umhverfisevaktin segir að fram hafi farið.

Norðurál hefur átt farsælt samstarf við nággranna sína og mun leggja sig fram um það áfram. Engin ástæða er til að óttast að fyrirtækið vikist undan þeim ströngu kröfum sem því eru settar í starfsleyfi og eru einhverjar þær ströngustu í heimi.

Jólakakó starfsmanna

Dagana 5. og 7. desember tóku starfsmenn af öryggisviði á móti samstarfsfólki sínu með rjúkandi heitu kakói og rjóma. Viðburðurinn er árlegur og alltaf stemning yfir þessu, skammdegið hefur lagst yfir af fullum þunga og nauðsynlegt að brjóta upp dagana með slíkum uppákomum. Góður rómur var gerður að uppátækinu og féllu stökur og vísur að þessu tilefni.

Starfsmenn öryggisdeildar styður UNICEF á Íslandi

Um leið og jólakakóinu var útdelt til þótti starfsmönnum öryggisviðs við hæfi að sýna sitt



rétta andlit. Það hefur löngum verið siður hjá þeim félögum að styrkja eitthvað gott málefni fyrir jólin. Í ár styrktu þeir félagar UNICEF á Íslandi með því að kaupa rauða nefið. Þeir félagar hvetja aðra starfsmenn að láta gott af sér leiða fyrir jólin. Talið frá vinstri, Hafsteinn Rúnar Gunnarsson, Trausti Gylfason, Pétur Svanbergsson og Niels Einar Rúnarsson.



Jólatréð var komið á sinn stað við Mötuneytið, strax í byrjun desember, og mun gleðja starfsmenn Norðuráls fram að þrettándanum.



Jólagjafir



Priðjudaginn 11. desember byrjum við að afhenda jólagjafir til starfsmanna. Gjafirnar verða afhentar á lager (sunnanmegin) og er gert ráð fyrir að starfsmenn taki við gjöfum á leið heim úr vinnu.

Afhending jólagjafa verður sem hér segir:

Dagvinnufólk, C-vakt skautsmiðja og B-vakt kersmiðja

11. og 12. desember – kl. 15:15-16:30

C-vakt kerskála og steypuskála

11. desember - kl. 19:15-19:45

B-vakt kerskála og steypuskála

12. desember - kl. 07:15-07:45

D-vakt kerskála og steypuskála

12. desember - kl. 19:15-19:45

A-vakt kerskála og steypuskála

14. desember - kl. 19:15-19:45

B-vakt skautsmiðja

14. desember – kl. 15:15-15:30

A-vakt kersmiðja og skautsmiðja

17. desember - kl. 15:15-16:30

Gledileg jól

Heilsujól

Tími freistinga, ofgnótt matar, fjölskyldusamveru, streitu, sorga og ánægju. Jólin eru handan við hornið og sá tími er tilfinningaþrunginn hjá öllum. Maturinn hefur gríðarleg áhrif og hugsunarháttur okkar gagnvart honum. Ekki er ólíklegt að fólk bæti á sig 2 til 4 kílóum yfir hátíðarnar. Þau kíló sem fólk bætir á sig yfir þennan ríflega vikutíma eru oft mun lengur að fara en þau komu, ef þau fara þá einhvern tíma. En það eru margar einfaldar leiðir til þess að halda hátíðleg jól, njóta alls hins besta, brosa sínu breiðasta og þyngjast lítið sem ekkert. Ég ætla að gefa ykkur nokkrar hér.

- Ég mæli með að þú hafir þessa grein sjáanlega á heimilinu.
- Þegar mikið er um matarboð einbeittu þér að félagsskapnum frekar en matnum. Njóttu beggja en settu félagsskapinn í 1.sæti og matinn í 2.sæti.
- Haltu uppi lífflegum og jákvæðum samræðum við matarborðið en slíkt veldur því að þú ert lengur að borða og verður fyrir saddur af minna magni.
- Byrjaðu á því að fylla diskinn af hollu meðlæti.
- Drekkstu stórt vatnsglas á undan hverri máltíð, alltaf.
- Ekki svelta þig fyrir matarboð, borðaðu reglulega yfir daginn.



- Hlakkaðu til að hitta vini og ættingja og einblíndu á það í stað þess að hlakka til matarins, en njóttu beggja.
- Fáðu þér einu sinni á diskinn og vertu lengi að borða. Tyggðu hvern munnbita 20 sinnum. Að máltíð lokinni, stattu upp frá borði og andaðu að þér fersku lofti.
- Það er ekki maturinn sem fitar, heldur skammtastærðirnar. Sífelld nart og daður við afganga og kræsingar er ávísun á þyngdaraukningu. Borðaðu þig sadda/nn en eingöngu á málsverðartímum.
- Yfir hátíðarnar skaltu temja þér að ganga rösklega í lágmark 60 mínútur á dag og drekka nóg af vatni.
- Leiktu við krakkana og gleðstu með þeim á þeirra hátt í stað þess að góna inn í ísskápinn allan daginn.
- Borðaðu sérstaklega vel af grænmeti og ávöxtum á mili máltíða. Sex stk. af ávöxtum og grænmeti dag hvern.

Temjum okkur skynsemi þessi jól því þannig getum við glaðst og notið alls hins besta í mat og drykk og samt haldið góðu útliti og línum. Gleðjumst með börnunum því þetta er þeirra hátíð.

Lifið heil og sæl.
Gleðilega hátíð og megið
þið njóta nýs og gæfuríks árs.
Sverrir Björn Bráinsson
grenningarráðgjafi

Sörur á aðventunni

Það er hefð hjá mörgum að baka sörur fyrir jólin, t.d. með vina- eða vinkonuhópnum, enda skemmtilegast að dunda sér við baksturinn í góðum félagsskap. Við fengum þessa uppskrift hjá Helgu Björg Hafþórsdóttur, fulltrúa á starfsmannasviði, sem fullyrðir að það sé auðvelt að fylgja henni: „Þetta er skemmtilegt og vel þess virði þegar sörurnar eru tilbúnar. Góður kaffibolli og sörur geta ekki klikkað á aðventunni!“

Botn

260 gr möndlur (möndluflogur)

230 gr flórsykur

4 stk eggjahvítur

Krem

10 eggjarauður

2 dl síróp

600 gr smjör (mjúkt)


4-5 msk kakó

Byrjið á að hakka möndlurnar vel niður. Þeytið eggjahvíturnar alveg í topp á meðan þið blandið saman flórsykri og möndlum og gætið þess að hafa enga kekki. Blandið þessu svo varlega saman við eggjahvíturnar. Setjið deigið á plötu með teskeið og bakið við 180° í ca 11-13 mínútur, þær stækka töluvert við bakstur.

Stíffþeytið eggjarauðurnar, hellið svo sírópinu varlega út í og þeytið áfram í 1 mín. Blandið svo smjöri og kakói saman við og þeytið saman þar til allir kekkir eru farnir.

Smyrjið kreminu á kalda botnana og frystið, best að nota teskeið. Hjúpið svo með súkkulaði. Best að geyma í frysti.

Þessi uppskrift gerir u.þ.b 130 stk.





Forskot á jólasæluna!


Níu rétta hlaðborð og orgelspil í Mötuneytinu
fór vel í Norðurálmenn og konur. Margir munu
einmitt hafa dottið í jólagírinn í jólamatnum sem
boðið var upp á 29. nóvember.



Jólaball

starfsmannafélags Norðuráls

- Verður haldið í sal Grundaskóla laugardaginn 29. desember.
- Ballið byrjar kl 14:00 og stendur til kl 16:00.
- Jólasveinar ásamt hljómsveit mæta á staðinn, gefa börnunum nammipoka og taka snúning í kringum jólatréð með þeim.
- Við hvetjum alla til að mæta með góða skapið... og börnin.



Kveðja,

starfsmannafélag Norðuráls

Álsveinarnir

Segja vil ég sögu
af sveinunum þeim,
sem brugðu sér hér forðum
á bæina heim.

Þeir uppi á fjöllum sáust,
- eins og margur veit, -
í langri halarófu
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir
og gaf þeim tröllamjól,
en pabbinn Leppalúði,
- það var leiðindafólk.

Þeir álsveinar nefndust,
- um jólin birtust þeir.
Og einn og einn þeir komu,
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán
þessir heiðursmenn,
sem ekki vildu ónáða
allir í senn.

Að dyrunum þeir læddust
og drógu lokuna úr.
Og einna helzt þeir leituðu
í eldhús og búr.

Lævisir á svipinn
þeir leyndust hér og þar,
til óknyttanna vísir,
ef enginn nærri var.

Og eins, þó einhver sæi,
var ekki hikað við
að hrekkja fólk - og trufla
þess heimilisfrið.



12. des

Spirustaur kom fyrstur,
stinnur eins og tré.
„Ég kann að drepa risin
eins og ekkert sé“.

Þá gusugangur ógurlegur,
- gerði við sig vart,
slettur reyndu að svífu um,
- og sviða líkamspart.



13. des

Súrálsgaur var annar,
með gráa hausinn sinn.
- Hann skreið ofan í tunnu
og skauzt um rörin inn.

Hann faldi sig í hopperum
með háðung sína og spott,
og vildi ei verða að áli
þó svo öðrum þætti flott.



14. des

Spækur hét sá þriðji
stubburrinn sá.
Hann settist undir skautin,
þegar kostur var á.

Hann olli miklum usla
sem aðrir gáfu gaum,
því ljúfu litlu skautin
leiddu allt of mikinn straum.

15. des

Sá fjórði, Sköfusleikir
var fjarskalega mjór.
Og ósköp varð hann glaður,
ef að inn í kerid fór.

Þá þaut hann eins og elding
eftir gólfi ekki leynt,
já svona skal allt líta út,
og vera slétt og hreint.

Jóhannes úr Kötlum og Pétur Ottesen
Teikningar: Jón Ingi Gylfason.



16. des

Sá fimmti, Skautaskelfir,
skokkar hérna hring.
- Með undarlega mælistöng
minnir á verkfræðing.

Og kallar „úlfur, úlfur“
það eflaust væri frétt.
Ef vísbending um vörtuskautin
væri sönn og rétt.



17. des

Hinn sjötti, Deiglusleikir,
sá er dæmalaus.
Hann rjátlar við sinn rosa-bor
við rykið ekki laus.
Svo vaskur líkur verkinu
já vel hann þetta kann,
Dýrðleg virðist og djásni lík
er deiglan alveg hrein.



18. des

Sjöundi var þekjuskellir,
- sá hafði ei vinarþel,
ef fólkíð vann á milli kerja
-og vildi gera vel.
Hann var ekki sérlega
hnugginn yfir því,
ef harkalegur heyrðist skellur
-svo hélt hann burt á ný.



19. des

Sá áttundi, Brjótajarmur,
var skelfilegt nauð.
Af grimmd og krafti gegnum þekju
gat á hana braut.

Hann montinn var og mikið þótti
þótt mælgín væri ei röng,
- „án mín væri engin mötun,
og kerin væru svöng“.

20. des

Níundi var Kranakrækir,
kænskur bæði og snar.
Hann hentist upp í rjáfrín
og gerði skunda þar.

Upp í krana sat hann
í hita, svækju og reyk
klippti á víra kaldhæðinn,
svo kraninn alla sveik.



21. des

Tiunda nefnum Pottagægi,
þann piltunga ég finn,
sem laumaðist á enda lokin
og leit í kerin inn.

Ef eitthvað var þar inni
hann ákafann fékk sting,
og ekkert gladdi hann meira
en gæða covering.



22. des

Ellefti var Flúorþefur,
- fékk sá aldrei kvef,
og hafði þó svo hláleggt
og heljarstórt nef.
Hann ilm af góðu gasi
gjarnan næmur fann,
og léttur, eins og reykur,
á lyktina rann.



23. des

Álkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag.
Hann þrammaði að Grundartanga
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í álsýni,
þegar kostur var á.
En stundum reyndist stuttur
stauturinn hans þá.



24. des

Þrettánda var Hleifasníkir,
- þá var tíðin köld,
ef ekki kom hann síðastur
á aðfangadagskvöld.

Starfsfólk steypuskála
brosti, en gleðin þraut
er sá þau hann hlaupa
með álstæðu á braut.

Á sjálfa jólanóttina,
- sagan hermír frá, -
á strák sínum þeir sátu
og störfu ljósín á.

Svo tíndust þeir í burtu,
- það tók þá frost og snjór.
Á þrettándanum síðasti
sveinstaulinn fór.

Fyrir löngu á fjöllumum
er fennit í þeirra slóð.
- En minningarnar breytast
í myndir og ljóð.

Spurning dagsins

Áttu sérstaka adventuhefð?

Öryggi heima um jólin



Sævar Pálsson, umhverfis- og tæknisviði
Nei, enga sérstaka. Ég reyni bara að taka því rólega.



Tómas Haukur Richardsson, c vakt kerskála
Ég skreyti og set upp jólasakraut.



Kristinn Friðberg Einarsson, c vakt kerskála
Ég reyni að vera viðstaddur þegar kveikt er á adventukransinum heima.



Sigríður Þórdís Valtýsdóttir, trúnaðarlæknir NÁ
Adventuhefðin hjá mér er að fara á jólatónleika og að baka.



Guðrún Hjaltalín, fulltrúi á mannaöðssviði
Ég bý til adventukrans og baka smákökur.

auk þess á eld í olíu og feiti. Varast skal að nota léttvatnstæki á rafmagnstæki sem eru í sambandi.

Sjónvarpsslökkvitæki er mjög góður öryggisbúnaður sem hægt er að koma fyrir í raftækjum eins og sjónvörpum, þvottavélum og þurrkurum. Prófanir hafa sýnt að tækin slökkva eldinn á mjög skömmum tíma og veita mikið öryggi.



Nauðsynlegt er að huga að rýmingarleiðum og öryggisbúnaði fyrir jólin. Góður siður er að þjálfa heimilisfólk í rýmingarleiðum minnst einu sinni á ári og tilvalið að gera það á adventunni.

Á hverju heimili skal vera reykskynjari, eldvarnateppi og handslökkvitæki. Í fjölbýlishúsum má handslökkvitækið vera á hverjum stigapalli. Prófa þarf reykskynjarana reglulega og skipta út rafhlöðunum árlega. Með því móti ertu klár á því að reykskynjarinn sé tiltækur þegar á reynir.

Til eru margar gerðir slökkvitækja sem hafa má á heimilum. Slökkvitæki á að vera

við útgönguleið og vel sýnilegt. Mikilvægt er að allir á heimilinu viti hvar slökkvitæki eru geymd og hvernig á að beita

þeim. Slökkvitæki þarf að yfirfara reglulega af viðurkenndum þjónustuaðilum. Algengustu tækin eru 6 kg dufttæki og 9 l léttvatnstæki.

Kallið alltaf til slökkvilið (112) ef kviknað hefur í til þess að tryggja að örugglega hafi tekist að slökkva eldinn.

Duftslökkvitæki eru ætluð á alla elda. Oft getur þó þurft að nota vatn á eftir til að tryggja að búið sé að slökkva alla glóð. Léttvatnstæki eru með froðublöndu. Þau er hægt að nota á eld í föstum efnum og



Eldvarnateppi eru til í mörgum stærðum. Þau má þvo og því er hægt að og nota þau aftur og aftur. Teppið er lagt yfir það sem brennur, t.d. adventukrans, pönnu eða pott með olíu eða feiti. Ef teppið fer ofan í feiti í potti getur logað í gegnum það. Þá þarf að taka teppið af og slökkva í því t.d. með því að trampa á því og byrjað upp á nýtt. Hugum að eldvörnum heima hjá okkur um jólin og þjálfum heimilisfólkið í viðbrögðum. Með því tryggjum við að allir eigi ánægjuleg og örugg jól.

Hver er?

Nafn: Gunnar Guðmundsson

Starf: Planari / Verkvirki

Fæðingarstaður, -dagur: Akranesi, 21. maí 1965.

Fjölskylduhagir: Giftur Sesselju Ingimundardóttur og á með henni fjögur börn.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? Ágúst 2004.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Fjölskyldan og að vera úti í náttúrunni.

Aðaláhugamálið? Útivist

Uppáhalds matur? Fiskur

Uppáhalds drykkur? Kaffi

Ertu hjátrúafull/ur? Já

Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir



Þú helst hitta? Silvio Berlusconi.

Uppáhalds sjónvarpsefni?

Sakamálaþættir

Besta bókin sem þú hefur lesið?

Gamlinginn

Hvaða hljómsveit eða söngvara

heldur þú mest upp á? Slade

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Að ganga og hjóla.

Lýstu þér í þremur orðum? Sjúkur í súkkulaði.

Fallegasti staður á Íslandi? Glymur í Hvalfirði.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Frakklands

Framtíðarplön? Gleðjast, eldast og eignast barnabörn.



Frá vinstri: Gunnar Guðlaugsson frkvstj. Norðuráls Grundartanga, Árni H. Kristinsson frkvstj. BSI á Íslandi, Bergþór Guðmundsson gæðastjóri Norðuráls, Ragnar Guðmundsson forstjóri Norðuráls og Sandra M. Sigurjónsdóttir fjármálastjóri Norðuráls.

FM Global

Það er árlegur viðburður að fulltrúi frá tryggingafélaginu FM Global kemur í heimsókn og skoðar verksmiðjuna og reksturinn. FM Global veitir Norðuráli bæði eigna- og rekstrarstöðvunartryggingu. Verkfræðingurinn Alan Gillespie hefur komið hingað undanfarinn áratug og

kannað starfsemina fyrir hönd FM Global. Hann þekkir því okkar starfsemi orðið vel, en jafnframt heimsækir hann svipuð fyrirtæki um allan heim. Það er skemmt frá því

að segja að heimsóknin þetta árið gekk mjög vel. Hafði Alan sérstaklega orð á því að rekstur verksmiðjunnar væri framúrskarandi. Glögg er gests augað og ánægjulegt að sú vinna sem við höfum öll sinnt til þess að gera enn betur sé vel sýnileg.

ISO 9001 gæðavottun

Formleg afhending skírteinis um gæðavottun samkvæmt ISO 9001 staðlinum fór fram í lok nóvember. Í tilefni dagsins var boðið upp á gæðaköku í mötuneytinu. Þær verða vonandi fleiri því hafinn er undirbúningur að innleiðingu

ISO 14001 umhverfisstaðalsins og OHSAS 18001 öryggisstaðalsins. Stefnt er að vottun árið 2013. ISO staðlar eru alþjóðleg viðmið í viðskiptum milli fyrirtækja og viðurkenndir til að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri.



Karl Davíðsson, frkvstj. mötuneytis, fékk góða aðstoð frá Hafsteini Gunnarssyni öryggisfulltrúa við að sneiða ISO 9001 gæðakökuna fyrir starfsfólk Norðuráls.

ERFIÐ



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 9 | | 3 | |
| 5 | | 4 | | | 2 |
| | 3 | 6 | | | |
| | 5 | | 2 | 8 | |
| 4 | | 3 | 8 | | 6 |
| | 2 | 5 | | 9 | |
| | | | 9 | 5 | |
| 3 | | | 6 | | 1 |
| | 1 | | 7 | | 2 |

MIDLUNGS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | 1 |
| 3 | | | 9 | | 8 |
| | 1 | | 6 | | 7 |
| 1 | 8 | | 7 | | 6 |
| | 4 | | | 3 | 1 |
| 2 | | | 8 | 5 | 7 |
| 9 | | | 1 | | 6 |
| | 2 | | 4 | | 5 |
| | | 3 | 8 | | 7 |

AUÐVELD

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 2 | 5 | | 1 |
| | 1 | 2 | | 7 | 5 |
| | 7 | | | 8 | 9 |
| 9 | 6 | | | 1 | |
| 2 | | | | 3 | |
| 1 | | 6 | 2 | | 3 |
| 6 | | | 1 | | 8 |
| 5 | | 1 | 8 | | 2 |
| | 2 | 3 | 6 | | 1 |



Jólagátan - verðlaun í boði!

Starfsmenn eru hvattir til að spreyta sig á myndagátunni hér að ofan. Lausnum skal komið til Guðrúnar Hjaltalín í móttökunni, í umslagi merktu myndagáta Norðurljósa, eigi síðar en föstudaginn 13. janúar kl. 16:00. Ef fleiri en ein rétt lausn berast verður vinningshafinn dreginn út og hlýtur hann bíomiða fyrir tvo. Ritstjórn Norðurljósa þakkar teiknarann, sem ekki vill láta nafn síns getið, kærlega fyrir.